

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 14. október 2008

---

### Gjaldeyrismál

Fátt hefur breyst í gjaldeyrismálum síðasta sólarhringinn. Kaupþing gat afgreitt erlendar greiðslur fyrir að hámarki 50 þúsund krónur fyrir hádegi í dag, en nú eftir hádegi fengust þær upplýsingar að bankinn gæti ekki afgreitt neinar erlendar greiðslur. Glitnir getur heldur ekki afgreitt neinar erlendar greiðslur eins og er, en líklegt er að úr því greiðist seinna í dag eða í fyrramálið skv. upplýsingum þaðan. Landsbankinn afgreiðir ekki erlendar greiðslur nema skv. forgangsafrgreiðslum Seðlabankans. Í stuttu máli sagt er temprun útflæðis á gjaldeyri því enn við lýði.

Seðlabanki og viðskiptabankar vinna áfram hörðum höndum að úrlausn gjaldeyrisvandans.

### Liðkum fyrir ábyrgðum

Upplýsingakröfur erlendra greiðslutryggingarfyrirtækja um íslensk fyrirtæki hafa verið hertar. Í ljósi þess viljum við benda fyrirtækjum sem eiga eftir að skila inn ársreikningi 2007 (og í sumum tilfalli árs hlutareikningi 2008) að gera það fljótt, enda er það nú foresenda þess að greiðslur íslenskra fyrirtækja hjá fyrrgreindum greiðslutryggingarfélögum fái trygðar. Upplýsingar sendist á [reports@creditinfo.is](mailto:reports@creditinfo.is). Mjög mikilvægt er að liðka fyrir þessum ábyrgðum.

### Viðbragðshópur vegna umfjöllunar um efnahagsmál

Undanfarin ár hefur Viðskiptaráð Íslands látið sig sérstaklega varða umfjöllun um Ísland og íslenska hagsmunum utan landsteina. Í samræmi við þessar áherslur átti Viðskiptaráð, ásamt forsætis- og utanríkisráðuneyti, frumkvæði að stofnun viðbragðshóps („situation room“) vegna erlendar umfjöllunar um íslenskt viðskipta- og efnahagslíf. Starf hópsins hófst fyrir réttum tveimur vikum og í honum sitja, auk Viðskiptaráðs, fulltrúar frá forsætis-, utanríkis- og viðskiptaráðuneyti, Seðlabanka, OMX, Fjármálaeftirliti og Samtaka fjármálafyrirtækja. Nánar má sjá lesa um þetta [hér](#).

### Reglur um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja í ríkiseigu

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands áttu fyrir rökum fimm árum frumkvæði að því að setja fram leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Með þessum leiðbeiningum var stefnt að því að skapa meiri festu og gegnsæi í stjórn fyrirtækja og efla traust. Mörg fyrirtæki tóku upp þessar

leiðbeiningar en þær verða á næstunni æ fyrirferðarmeiri í umræðu um stjórnun fyrirtækja héraendis. Miklu skiptir að traust á íslenskum fyrirtækjum verði endurbyggt og þannig sé opnað fyrir erlent fjármagn til starfsemi þeirra og fjárfestinga. Leiðbeiningar af þessu tagi eru liður í því.

Nú hafa þessi sömu samtök ásamt Kauphöll Íslands hafið vinnu við gerð tillagna um stjórnarhætti hinna nýju ríkisbanka. Stefnt er að því að hópurinn eigi víðtækt samráð við ýmsa hagsmunaaðila í þeirri vinnu sem framundan er. Meðal annarra hefur verið rætt við ASÍ, fulltrúa stjórnmalaflokka o.fl. Formaður vinnuhóps um stjórnarhætti banka og fjármálafyrirtækja er Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Sjá nánar [hér](#)